
Lagning ljósleiðara frá Hveravöllum til Skagafjarðar Húnavatnshreppi og Sveitarfélaginu Skagafirði Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 11. ágúst 2020 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá. Mílu ehf. þar sem tilkynnt er um fyrirhugaða lagningu ljósleiðara frá Hveravöllum til Skagafjarðar, Húnavatnshreppi og Sveitarfélaginu Skagafirði, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.21 í 1. viðauka laganna. Með erindinu fylgdi greinargerð.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Húnavatnshrepps, Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Forsætisráðuneytisins, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Lagning ljósleiðara frá Hveravöllum til Skagafjarðar, Húnavatnshreppi og Sveitarfélaginu Skagafirði með lýsingu á umfangi og ljósmyndum af vettvangi.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Húnavatnshreppi með tölvupósti dags. 11. ágúst 2020,
- Sveitarfélaginu Skagafirði með tölvupósti dags. 27. ágúst 2020,
- Forsætisráðuneytinu með tölvupósti þann 20. ágúst 2020,
- Hafrannsóknastofnun með tölvupósti þann 25. ágúst 2020,
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra með tölvupósti þann 19. ágúst 2020,
- Minjastofnun Íslands með tölvupósti dags. 13. ágúst 2020,
- Umhverfisstofnun með bréfi þann 17. ágúst 2020,
- Vegagerðinni með tölvupósti þann 20. ágúst 2020.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Míla ehf. áformar að halda áfram lagningu ljósleiðara yfir Kjöl sem lagður var frá Bláfellshálsi að Hveravöllum árið 2019. Framkvæmdin í heild sinni myndar tengingu milli Suður- og Norðurlands yfir Kjöl. Fyrirhuguð lagnaleið er um 84 km, þar af eru um 15 km innan friðlandsins í Guðlaugstungum. Frá Hveravöllum verður haldið áfram að Þórisvatni um Eyvindarstaðarheiði og Mælifellsdal og endað við Steinsstaði í Skagafirði. Sú framkvæmd sem hér er fjallað um er þriðji og síðasti áfanginn í áðurnefndri tengingu milli Suður- og Norðurlands.

Lagning ljósleiðara

Fram kemur að við lagningu ljósleiðarans verði hann plægður beint í jörðu á 50-60 cm dýpi, nema þar sem fleyga gæti þurft fyrir honum í klappir, en þar yrði hann lagður á 40 cm dýpi. Plógfarið er um 15 cm á breidd. Eftir plægingu myndast bunga á rásinni sem verktaki mun svo þjappa og jafna. Grafa þarf fyrir tengihylki á milli ljósleiðara eininga og verður frágangi háttað á þann veg að ekki



sjáist ummerki á yfirborði. Á nokkrum stöðum þarf að þvera vegi og verður strengurinn ýmist plægður gegnum þá eða farið undir vegina í samráði við veghaldara. Við leiðarval er tekið mið af landslagi og reynt að forðast eftir megni að fara um viðkvæm svæði.

4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdanna eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila og umsögnum umsagnaraðila.

Gróður, vistgerðir og fuglar

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að almennt einkennist svæðið af heiðarlöndum, votlendi, mólendi og melum. Innan Guðlaugs- og Álfgeirstungna er víðáttumikið gróðurlendi norðvestan Hofsjökuls og austan Blöndu. Tungurnar eru votlendar og þar er eitt stærsta og fjölbreyttasta rústamýrasvæði landsins. Þær eru mikilvægt varp- og beitiland heiðagæsar og hafa alþjóðlegt náttúruverndargildi, enda er þar nú stærsta heiðagæsavarp í heiminum. Svæðið var friðlýst árið 2005 og samþykkt sem Ramsarsvæði árið 2013.

Framkvæmdaraðili áformar að leggja ljósleiðarann innan svæðis sem þegar er raskað, s.s. í slóða og vegi. Þar fyrir utan í svæði sem einkennist fyrst og fremst af melum, sandlendi og mólendi. Á um 100 m kafla fyrirhugaðrar lagnaleiðar innan friðlandsins í Guðlaugstungum er að finna rústamýrar. Farið yrði u.þ.b. 50 m austan við rústirnar til að framkvæmdin hafi ekki áhrif á þær. Gerir framkvæmdaraðilli ráð fyrir því að verkið muni hefjast haustið 2020 og ljúki í nóvember, s.s. utan varptíma.

Náttúrufræðistofnun telur miðað við þá lýsingu sem kemur fram í greinargerðinni, þ.e. lýsingu á sjálfri framkvæmdinni og með hliðsjón af því landi (vistgerðum) sem farið er um og auk þess sem langstærsti hluti leiðarinnar er meðfram núverandi vegslóðum, þá sé ekki líklegt að framkvæmdin valdi umtalsverðum umhverfisáhrifum. Þessi afstaða er með hliðsjón af m.a. þekktum áhrifum af lagningu ljósleiðara á öðrum svæðum, með þeim aðferðum sem lýst er, sem hafs sýnt að „flest öll“ ummerki um lagningu ljósleiðara hverfa tiltölulega fljótt ef farið er um svipað land og hér um ræðir og rétt er að verki staðið. Ljósleiðarinn er lagður utan varptíma fugla og er það kostur. Mikilvægt er að eftirlit sé haft með lagningu ljósleiðarans, a.m.k. innan friðlandsins, þar sem það á við og að öllu raski sé almennt haldið í lágmarki t.d. með því að velja „smávægilegar“ breytingar á lagnaleið til að forðast viðkvæm svæði.

Umhverfisstofnun telur að reynsla síðustu ára hafi sýnt að ef vel er að verki staðið við plægingu og frágang plógfars verða ummerki um framkvæmdina lítil og geta jafnvel horfið algerlega. Þó skal gæta sérstakrar varúðar þar sem plægt er í vot- eða deiglendi og ef plægt er í mólendi á að tryggja að plógurinn skeri svörðinn en kuðli honum ekki saman eins og dæmi er um.

Þverun vatnsfalla

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að lagnaleiðin muni fylgja núverandi vegum að mestu og þvera vatnsföll á brúm þar sem hægt verður að koma því við. Míla mun þvera Blöndu skömmu eftir að farið er yfir Seiðisá á brúnni og svo yfir læki og ár á leiðinni. Þær brýr sem áætlað er að ljósleiðari liggja um eru Mælifellsá, Haugakvísl, Stangakvísl og Seyðisá. Ljósleiðari verður plægður eða grafin í botn á nna þvert yfir þær. Farið verður eins djúpt í botn á nna og mögulegt er eða um 70–100 cm undir botn. Vinna í hverju vatnsfalli ætti að taka að hámarki tvo tíma og er bundin við sex metra breitt svæði þvert yfir farveg.

Hafrannsóknastofnun bendir á að fyrirhuguð lagnaleið ljósleiðarans er efst á vatnasviði Blöndu og á vatnasviði Héraðsvatna, en lögnin þverar fjölmargar ár og læki. Margar fiskrannsóknir hafa verið gerðar á vatnasviði Blöndu, en annað lífríki í vatni hefur minna verið rannsakað. Fyrirhuguð þverun



Svartár og kvísla hennar með ljósleiðara er á ófiskgengu svæði. Lítið er þekkt um lífríki vatnsfalla á þessu svæði en í seiðarannsóknunum í Svartá ofan gils árið 2017 veiddust eingöngu bleikjuseiði. Samkvæmt botnngerðarmati einkennist botn af mól og smágrýti sem eru hentug búsvæði fyrir smádýr og seiði laxfiska. Fyrirhuguð lagnaleið er síðan yfir í Mælifellsdal og liggur lagnaleiðin með ánni á köflum og þverar Mælifellsá. Mælifellsá fellur til Svartár í Skagafirði sem neðar heitir Húseyjarkvísl og fellur til Héraðsvatna. Mælifellsá er vatnsmest áa sem falla til Svartár. Botngerð í Svartá og hliðarám hennar hentar á köflum ágætlega sem búsvæði fyrir seiði laxfiska.

Hafrannsóknastofnun bendir á að þverun vatnsfalla með jarðstrengjum getur haft neikvæð áhrif á fisk og annað lífríki í vatni, einkum á meðan framkvæmdir fara fram. Áhrifin eru einkum vegna röskunar á botni og gruggunar árvatnsins, en jarðvegur sem þyrlast upp sest að öllu jöfnu á botn fljótlega eftir að verki er lokið. Þverunin nær hins vegar venjulega yfir lítið svæði í hverju vatnfalli og er líklegt að framkvæmdir valdi tiltölulega litlum skaða á seiðamagni eða öðru lífríki í þeim til lengri tíma lítið. Gera má ráð fyrir að áhrifin geti verið mismikil eftir því hvaða aðferðum er beitt við þverunina, þ.e. hvort unnt sé að plægja jarðstrenginn niður með lágmarks raski eða hvort grafa þurfi fyrir honum og jafnvel breyta eða færa til rennsli á meðan á framkvæmdum stendur. Einnig verður að hafa í huga að áhrifa framkvæmda í ám getur gætt alllangt frá verkstað s.s. ef efni skaðleg lífríki berast í vatn, þar sem þau berast með vatnsstraumi.

Hafrannsóknastofnun bendir á að við framkvæmdir þarf sérstaklega að hafa eftirtalda þætti í huga til að lágmarka áhrif á lífríki:

- Framkvæmdaaðili skal gæta þess að hafa sem minnst áhrif á vatn vatnsfalla svo sem að grugga það upp að óþörfu.
- Hindra að olía eða aðrir skaðleg efni berist í ána, t.d. smitist frá vinnuvélum og tækjum.
- Reynt skal að takmarka framkvæmdasvæðið og umferð farartækja um farveginn eins og kostur er.
- Ganga skal frá framkvæmdastað þannig að hætta sé í lágmarki að lífríki skaðist. Einnig að gengið sé frá jarðvegssárum nálægt bökkum þannig að ekki skolist jarðvegur út í árnar.
- Gætt sé sérstaklega að meðferð eldsneytis og annarra efna sem gætu verið skaðleg lífríkinu.

Mikilvægt er að verktakar verði upplýstir um umhverfisáhrif og hvernig best sé að verki staðið. Lífríki og vistkerfi í vatni eru ekki jafn sýnileg og á þurru landi þótt þar gildi flest sömu lögmál varðandi áhrif framkvæmda.

Af framansögðu er það mat Hafrannsóknastofnunar að ef farið er eftir ofangreindum leiðbeiningum muni umrædd framkvæmd ekki hafa mikil varanleg áhrif á lífríki í vatni eða veiðinýttjar.

Minjar

Fram kemur að minjavörður Norðurlands vestra hafi veitt umsögn um framkvæmdina fyrir hönd Minjastofnunar. Þar kemur fram að þörf sé á því að hnika til línunni eða fara með sérstakri aðgæslu í kringum tiltekna minjar til að tryggja að þær verði ekki fyrir raski.

Minjastofnun Íslands gerir í kjölfarið ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd, með þeim skilyrðum að fullt tillit verði tekið til minja og verktökum verði gerð grein fyrir þeim.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að full tillit verði tekið til þeirra skilyrða sem koma fram hjá umsagnaraðilum.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Í landsskipulagsstefnu er lögð áhersla á að skipulagsáætlanir gefi kost á uppbyggingu traustra fjarskipta, en jafnframt að við staðarval og útfærslu fjarskiptamannvirkja sé sérstaklega gætt að því að þau valdi sem minnstu raski og hafi sem minnst sjónræn áhrif. Þetta er sérstaklega mikilvægt á



miðhálandinu þar sem miðað er að því að standa eins og kostur er vörð um víðerni og óbyggðaupplifun.

Skipulagsstofnun bendir á að ekki er gerð grein fyrir fyrirhuguðum ljósleiðara í Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 og Aðalskipulagi Sveitarfélags Skagafjarðar 2009-2021.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfum Húnavatnshrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdin er háð leyfi Fiskistofu skv. lögum um lax- og silungsveiði.

Framkvæmdin innan verndarsvæðis Guðlaugs- og Álfgeirstungna er háð leyfi Umhverfisstofnunar og Húnavatnshrepps skv. auglýsingu nr. 1150/2005 um friðland í Guðlaugstungum.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða áform um áframhaldandi lagningu ljósleiðara yfir Kjöl. Fyrrgreindur áfangi felur í sér lagningu ljósleiðara um 84 km leið frá Hveravöllum að Steinsstöðum í Skagafirði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.21 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli og staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, landslagsheilda, ósnortinna víðerna eða vegna fornleifa. Þá ber að líta til álagsþols náttúrunnar, einkum með tilliti til votlendissvæða og sérstæðra jarðmyndana, sbr. 2 tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Framkvæmdin er nokkuð umfangsmikil en eins og áður segir, lagður verður ljósleiðari um 84 km leið, þar af um 15 km innan friðlandsins við Guðlaugstungur. Framkvæmdin mun óhjákvæmilega raska tímabundið gróðurþekju á þeim köflum sem vikið er frá þegar röskuðum svæðum, en ekki er að finna vistgerðir sem njóta verndar innan fyrirhugaðs áhrifasvæðis framkvæmdarinnar. Viðbúið er að tímabundið rask verði á þeim vatnsföllum sem verða þveruð auk þess sem framkvæmdin mun valda raski innan friðlýsts svæðis við Álfgeirs- og Guðlaugstungur, sem nýtur verndar m.a. sem víðfeðmt og gróskumikið votlendi og mikilvægt rústasvæði og alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði.

Þeir áfangar framkvæmdarinnar sem þegar hafa átt sér stað, bera ekki vitnisburð þess efnis að hafa skert víðerni miðhálandisins. Að mati Skipulagsstofnunar felur framkvæmdin ekki í sér skerðingu á óbyggðum víðernum vegna lagningar ljósleiðarans með tilheyrandi verkþáttum frá nágrenni Hveravella til Steinsstaða í Skagafirði. Skipulagsstofnun telur að rask vegna framkvæmdarinnar muni verða óverulegt þar sem lagnaleiðin er að mestu nú þegar innan raskaðs svæðis og mun því ekki hafa áhrif á verndargildi svæðisins til lengri tíma litið. Skipulagsstofnun telur brýnt að þeir þættir sem settir eru fram af hálfu Hafrannsóknastofnunar til þess að lágmarka áhrif á lífríki við þverun vatnsfalla verði til hliðsjónar við útgáfu leyfa og við verktilhögun framkvæmdaraðila. Skipulagsstofnun telur einnig brýnt að verktilhögun verði með þeim hætti sem framkvæmdaraðili hefur boðað og að farið verði eftir skilyrðum Minjastofnunar til að koma í veg fyrir rask á minjum á svæðinu.

Gerð og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til: stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum og afturkræfni sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.



Helstu umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framkvæmdarinnar verða rask við þverun vatnsfalla, á gróðri auk ásýndaráhrifa til skemmri tíma litið. Í ljósi þess er mikilvægt að vanda framkvæmd og frágang við lagningu ljósleiðarans við þverun vatnsfalla og innan svæðis sem nýtur verndar eins og áður segir. Áhrif framkvæmdarinnar munu þó að mati Skipulagsstofnunar vera óveruleg og fyrst og fremst gæta á meðan framkvæmdir standa og svæðið er að ná sér í fyrra horf að loknum frágangi. Líklegt er að rask muni jafna sig að undangengnum góðum frágangi og þeim mótvægisáðgerðum sem boðaðar eru.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 19. október 2020.

Reykjavík, 10. september 2020

Sigurður Ásbjörnsson

Jón Smári Jónsson